



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um örugga tengingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut

Á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, dags. 23. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga og samþykkt að vísa til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs:

Lagt er til að Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að gerð verði örugg tenging fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur yfir Suðurlandsbraut frá Háaleitishverfinu. Lagt er til að slík tenging yrði staðsett í beinu framhaldi af Vegmúla. Greinargerð fylgir tillögunni.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 31. maí 2023 var tillögunni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Ekki stendur til að fara í veigamiklar framkvæmdir á Suðurlandsbraut fyrr en framkvæmdir vegna Borgarlínu munu hefjast. Byrjað er að skoða hvernig göngu- og hjólatenging við Vegmúla myndi falla að áætluðum framkvæmdum Borgarlínu. Um mikilvæga gönguleið barna er að ræða og því verður áfram fylgst grannt með þessu svæði með það í huga að fara í aðgerðir ef aðstæður kalla á slíkt.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri